

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarfjarðar nr. 116 4. mars 1975.

1. gr.

3. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 0.90 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0.45 á brúttórúmllest.
- c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 0.90 á brúttórúmllest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 59.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 293.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

4. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0.45 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 47.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Fjörugjald.

Fyrir að leggja skipi í fjöru eða taka skip í slipp til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða kr. 0.35 af hverri brúttórúmllest skipsins en þó aldrei minna en kr. 75.00.

Dráttarbrautarfyrirtæki eru skyld að sjá um og bera ábyrgð á innheimtu gjalds þessa fyrir hafnarsjóð hjá þeim skipum, sem tekin eru á land hjá þeim.

4. gr.

9. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 173.00 fyrir hvert skip, auk kr. 0.45 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 40.00 í hafnsögusjóð.

5. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 16.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 33.80 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 93.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 9.10 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 7.70.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 sbr. auglýsingu nr. 26 21. janúar 1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 702 17. nóvember 1982.

Samgönguráðuneytið, 22. mars 1983.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Halldór S. Kristjánson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 100/1973, um eyðingu svartbaks og hrafns,
með áorðnum breytingum.**

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistjóra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafni og svartbaki og öðrum skadlegum mávatagundum, þó ekki í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslum, Ísafjarðarsýslum og Strandasýslu. Aðgerðir þessar skulu miðaðar við að koma í veg fyrir beint tjón af völdum fugla. Veiðistjóri skal hafa samráð um þessar aðgerðir við menntamálaráðuneytið eða sérfræðing sem það tilnefni að fenginni tillögu fuglafriðunarnefndar. Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans sækja um leyfisskírteini til hlutaðeigandi lögreglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgja umsókn sinni meðmæli frá veiðistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og gildir til ársloka 1984.

Menntamálaráðuneytið, 11. apríl 1983.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinnsson.